

Alþingi
Erindi nr. þ 136/616
komudagur 19.12.2008

From: halldor.arnason@for.stjr.is [mailto:halldor.arnason@for.stjr.is]

Sent: 19. desember 2008 12:59

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Cc: Bolli Þór Bollason; pall.thorhallsson@for.stjr.is

Subject: RE: Yfirlit sem sýni séréttindi þingmanna og ráðherra umfram það sem gildir í A-deild LSR

Á fundi með allsherjarnefnd í morgun var óskað eftir skýringum á eftirtöldum atriðum varðandi eftirlaunafrumvarpið:

1. Af hverju er gildistaka frumvarpsins 1. júlí 2009 en ekki 1. janúar 2009?

Í frumvarpinu er vrið að skerða ýmis réttindi og ástæða þótti til að veita þingmönnum og ráðherrum aðlögun að þeim breytingum Ennfremur að gefa aðlögun fv. þingmönnum og ráðherrum sem þegar taka eftirlaun skv. lögnum frá 2003 og eru jafnframt í starfi hjá ríkinu.

Þá er fjármálaráðherra ætlað skv. 10. gr. frumvarpsins að setja reglur þar sem nánar er mælt fyrir um fyrirkomulag útreiknings eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris sem þingmenn og ráðherrar áunnu sér á tímabilinu 30. des. 2003 til 30. júní 2009. Það tekur tíma fyrir fjármálaráðherra að útbúa þær reglur.

2. Af hverju ná ákvæði frumvarpsins ekki til starfandi hæstaréttardómara líkt og til starfandi alþingismanna og ráðherra?

Hér var horft til sjónarmiða sem mæla um sjálfstæði dómsvaldsins. Einnig taka nær allir hæstaréttardómarar eftirlaun skv. ákvæðum Stjórnarskrárinnar þannig að breyting á ákvæðum um eftirlaunarétt hæstaréttardómara skv. lögum sem hér eru til umræðu skiptir í raun litlu sem engu. Loks má geta að hæstaréttardómarar báru enga ábyrgð né komu að breytingum sem urðu á lögnum árið 2003.

3. Er hægt að breyta eftirlaunakjörum forseta í þessu frumvarpi ef það ákvæði tekur gildi 1. ágúst 2012?

Það er eflaust hægt. Eftirlaunaákvæði forsetans eru allt öðruvísi og flóknari en þau sem gilda um þingmenn og ráðherra. Ekki er auðvelt að sjá hvernig ætti að nálgast slíka breytingu. Því var ekki farið í að athuga hvort og þá hvernig breyta ætti þeim ákvæðum. Með lögnum frá 2003 var fáu ef nokkru breytt varðandi eftirlaunaréttindi forsetans.

Með góðri kveðju,
HÁ

Halldór Árnason, skrifstofustjóri / Deputy Permanent Secretary

Forsætisráðuneytið / Prime Minister's Office